



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FYRIRLESTUR EINS FREMSTA JÖKLAFRÆÐINGS HEIMS**

### **LOFTSLAGSBREYTINGAR: VERULEIKI OG VALKOSTIR**

Dr. Lonnie Thompson, einn helsti jöklafræðingur heims sem veitt hefur forystu rannsóknarverkefnum víða um veröld, heldur fyrirlestur í boði forseta Íslands og Háskóla Íslands mánudaginn 5. september 2011. Fyrirlesturinn, sem er opinn almenningi og hefst klukkan 12:00 í Hátíðasal aðalbyggingar skólans, ber heitið "Climate Change: The Evidence and Our Options". Í upphafi fundarins flytur forseti Íslands stutt ávarp.

Dr. Thompson er prófessor við jarðfræðideild Ríkisháskólans í Ohio í Bandaríkjunum og hefur öðlast margháttða viðurkenningu fyrir vísindastörf sín á vettvangi jöklafræði og loftslagsfræða, ekki síst fyrir rannsóknir á borkjörnum úr jöklum heitra landa sem varpað hafa ljósi á þróun loftslags á jörðinni. Hann hefur farið í tugi rannsóknarleiðangra til Kína og Himalajasvæðisins sem og til Suðurskautslandsins.

*2. september 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*